

Vegna frumvarps til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara, skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Samkvæmt 8. gr. í drögum að frumvarpinu fá iðnmeistarar eða aðrir með löggild starfsréttindapróf úr framhaldsskóla sem einnig hafa lokið 60 ECTS einingum í uppeldis- og kennslufræði rétt til að nota starfsheitið kennari og fá því leyfisbréf sem gildir fyrir öll skólastig. Þó er ekki ljóst hvaða viðmið eru sett um sérhæfða hæfni þessa hóps fyrir kennslu á grunnskólastigi. Hingað til hafa iðnmeistarar með kennsluréttindi í framhaldsskóla einnig fengið starfsréttindi í grunnskóla ef þeirra faggrein er þar kennd (þ.e. matreiðslumenn, smiðir og klæðskerar). Því hefur verið opið fyrir flæði kennara á milli grunnskóla- og framhaldsskólastigsins í þessum tilvikum. Í drögum frumvarpsins til nýrra laga um menntun kennara er ekki ljóst að þessi leið haldist opin. Í 5. gr. lið 2 er skilgreind sérhæfð hæfni grunnskólakennara og þar er gert ráð fyrir „sérhæfðri hæfni í að lágmarki einu greinasviði aðalnámskrár grunnskóla á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður“ og því er gert ráð fyrir sérhæfðri hæfni skilgreindri af ECTS námseiningum. Ekki er ljóst hvort sérhæfing iðnmeistara uppfylli skilyrði um ECTS einingar (sjá t.d. skýrslu verkefnishóp um fagháskólanám frá 2016) og því virðast núverandi drög í raun draga úr flæði kennara á milli skólastiga. Þannig virðist almennt verið að rýmka leyfisbréfin, nema hjá þessum tiltekna hópi. Ráðlegt er að setja skýr viðmið um sérhæfða hæfni líkt og gert er í 6. Lið 5. gr. þegar rætt er um hæfni starfsmenntakennara í framhaldsskóla. Mikilvægt er að tekin verði af öll tvímæli um hvort veita eigi iðnmeisturum á tilteknum greinasviðum með kennsluréttindi í framhaldsskóla réttindi til að kenna sitt fag á grunnskólastigi.

Elsa Eiríksdóttir, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands